

Þingsályktun

um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu.

Alþingi ályktar að fela umhverfisstjórnun að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu með það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Tilgangur rannsókna verði að kanna umfang og áhrif skotveiða á stofninn, viðkomu hans eftir svæðum, samhengi veiða og náttúrulegra affalla og að gera samanburð á rjúpnastofninum undir mismiklu veiðiálagi.

Samþykkt á Alþingi 8. mars 1999.

